

Upplýsingar um val – Náttúrufræðibraut, 2. bekkur – Vor 2019

Nú er komið að því að þú veljir þér valgreinar fyrir 3. bekk. Til að ljúka námi til stúdentsprófs þarftu að ljúka 35 einingum í vali og þar af eiga **a.m.k. 20 að tilheyra einkennisgreinum náttúrufræðibrautar**, þ.e. raungreinum, raungreinaensku, sálfræði, stærðfræði, forritun og tölvufræði.

Miðað er við að þú takir **20 einingar í vali á haustönn í 3. bekk og 15 einingar á vorönn í 3. bekk**. Skoðaðu vel á hvaða þrepum áfangarnir eru sem þú velur. Hafðu í huga hvaða undirbúningskröfur eru gerðar í því námi sem þú stefnir á að loknu stúdentsprófi og veldu valáfanga í samræmi við það. Aðgangsviðmið háskólanna má finna á heimasíðu skólans undir **NÁMIÐ – VALGREINAR – Samantekt á aðgangsviðmiðum íslenskra háskóla, með ábendingum um námsval í MA miðað við nýja námskrá** http://www.ma.is/static/files/Namid/2017-2018/Adgangsviðmið_ny_namskra.pdf

Áfangalýsingar er að finna á heimasíðu skólans undir hlekknum **Valgreinar**, þar er bæklingur sem heitir **Valgreinabæklingur vor 2019** með stuttri lýsingu á hverjum áfanga. Athugið vel hver undanfari hvers áfanga er, þ.e. hvaða áföngum þið þurfið að hafa lokið til að geta skráð ykkur í tiltekna áfanga. Einnig þurfið þið að skoða hvaða áfangar falla undir sérgreinar brauta.

Mikilvægt er að þú kynni þér vel **reglur um val** sem fram koma í valgreinabæklingi á bls. 4.

Valkynning verður eftir hádegi fimmtudaginn 28. febrúar, klukkan 14.40-16.00 en þá sitja kennarar fyrir svörum um þá áfanga sem í boði eru.

Þú skráir valið þitt í Innu og í valgreinabæklingi er að finna ítarlegar leiðbeiningar um hvernig sú skráning fer fram.

Athugaðu að aðeins er hægt að velja einn áfanga úr hverri blokk, því að áfangar í sömu blokk eru kenndir á sama tíma.

Síðasti dagur til að skrá val í Innu er mánudagur 4. mars. Brautastjórar og námsráðgjafar eru nemendum til aðstoðar við val og skráningu áfanga í Innu.

- SÍÐASTI DAGUR TIL AÐ SKRÁ VAL Í INNU ER MÁNUDAGUR 4. MARS -

Áfangar í boði fyrir 3. bekk náttúrufræðibrautar skólaárið 2019-2020

HAUSTÖNN 2019

Nemendur velja einn áfanga úr hverri blokk og einn til vara. Einnig er hægt að velja einn áfanga utan blokka og sleppa þá einni blokk í staðinn. Skráning vals fer fram í Innu.

BLOKK 1	BLOKK 2	BLOKK 3	BLOKK 4	UTAN BLOKKA
Allur 3. bekkur	Allur 3. bekkur	3. NB	3. NB	Allur 3. bekkur
ENSK3CR05 FATA2SS05* FÉLA2ÞF05 HEIM2TS05 HEIL2HL05 HÖTE2PH05* LAND2AL05 LÍFF3AN05 RVÍS2GR05 SAGA3VS05 SÁLF2JS03 SPÆN1BB05 STÆR3LA05 ÞÝSK2BE05	ENSK3AV05 FERÐ2ÍS05 FÉLA2FJ05 FORR2FO05 HAGF2PJ05 HEIL2JJ05 NÆRI3GR05 SAGA2ÍÞ05 SÁLF2ÁH05 STJÖ2AS05	EÐLI3RA05 EFNA3LE05 LÍFF3FM05 SPÆN1AA05	EFNA3ÓE05 LÍFF3EF05 SÁLF2GR05 STÆR3TX05	ENSK3PL05 ÍSLE2YN05 JARÐ2ÚT05**

* Kennt í VMA **Heilsársáfangi

VORÖNN 2020

Nemendur velja einn áfanga úr hverri blokk og einn til vara. Einnig er hægt að velja einn áfanga utan blokka og sleppa þá einni blokk í staðinn. Skráning vals fer fram í Innu.

BLOKK 1	BLOKK 2	BLOKK 3	UTAN BLOKKA
Allur 3. bekkur 2. bekkur nema NB	3. bekkur nema RB	3. bekkur NB og RB	Allur 3. bekkur
ENSK3DF05 FERÐ3EV05 FÉLA2LM05 HEIL2BL05 HÖNN3VS05* ÍSLE2KM05 KFRT2KF05 MENN2GG05 RAUN3UI05 SAGA3FB05 SÁLF2HÍ05 SJÓN1TF05* SPÆN1AA05 STÆR3TF05 STÆR3ÞR05	EÐLI4NU05 EFNA4VE05 ENSK3HM05 FÉLA3AB05 FRAN2PA05 ÍÞFR2ÞÞ05 NÆRI3GR05 SAGA3FE05 SÁLF3HE05 SPÆN1BB05	EÐLI3FH05 EFNA3LY05 ENSK3PW05 LÍFF3PS05 STÆR4CA05	ENSK3PL05 HEIM3YN05 ÍSLE2YN05 MENN2YN05

* Kennt í VMA